

# Starfsáætlun Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2023

## Janúarnámskeið

Árlegt janúarnámskeið ÆSKP fór fram í Neskirkju þann 14. janúar. Það er mikilvægt að hefja árið af krafti og var skráning á viðburðinum mjög góð. Á námskeiðinu fengum við kynningu á starfi Arnarins, minningar og styrktarsjóði sem vinnur með börnum og unglingum sem hafa orðið fyrir sorg og áföllum. Þar á eftir var fyrirlestur á vegum Fokk me – Fokk you sem fjallaði um sjálfsmynd, samfélagsmiðla, samskipti kynjanna og hvernig við vinnum með þessa þætti í barna og unglingastarfi. Eftir hádegishlé var svo boðið upp á leiklistarnámskeið sem og kynningu á raddbeitingu og framsögn. Milli fyrirlestrana var svo opin vinnustofa um stöðu æskulýðsstarfs og framtíðarsýn.

## Aðalfundur ÆSKP

Fundurinn fer fram 8. mars í Neskirkju. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf. Kosið verður um formann og gjaldkera til tveggja ára auk fimm varamanna til eins árs.

## Vaktu með Kristi - VMK

ÆSKP hefur sett saman dagskrá fyrir æskulýðsfélög sem hafa áhuga á að vaka með Kristi, hugmyndin er að félögin geti boðið til gistinætur í kirkjunni frá skírdegi og fram á föstudaginn langa. Skjalið er aðgengilegt á heimasíðu ÆSKP.

## Easter Course

Hið árlega Easter Course mun að þessu sinni fara fram 1.-9. apríl, námskeiðið er á vegum European Fellowship og FIMCAP og mun fara fram í Kaupmannahöfn og í Langeland. Gert er ráð fyrir 70 þátttakendum frá fjölmörgum Evrópulöndum. Námskeiðið er samkirkjulegt en aðildarfélögin tilheyra ýmsum deildum kristinnar kirkju. Í ár verður markmið námskeiðisins að læra að útbúa innihaldsríka leiki. Ísland hefur þegar fyllt sætin sín á námskeiðið sem er fyrir leiðtoga á aldrinum 18-25 ára. Við minnum leiðtoga á að árlega leitum við að leiðtogum til að aðstoða við framkvæmd svona námskeiða, áhugasamir mega endilega hafa samband við stjórn.

## Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu frá upphafi og verður svo aftur í ár. Stefnt er að því að þingið fari fram 19.-20. maí. Við hvetjum aðildar félögin til að tilnefna fulltrúa á þingið til síns prófast. Eins að undirbúa mál í tíma til að leggja fyrir þingið. Þetta verður 16. kirkjuþing unga fólksins.

## Gleðigangan

ÆSKP mun taka þátt í gleðigöngunni í ár að venju en hún fer fram 12. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í viðburðinum og áhugasamir sem vilja taka þátt í undirbúningi atriðis ÆSKP ættu að setja sig í samband við stjórn við fyrsta tækifæri. Verkefnastýrur þetta árið verða Jóna Þórdís Eggertsdóttir og Matthildur Bjarnadóttir.

## **Haustnámskeið ÆSKÞ**

Í ár munum við fá námskeið frá Barnaheill – Save the children á Íslandi sem heitir Verndari barna. Það kennir fullorðnum leiðir til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi, þekkja vísbendingar um að ofbeldi er að eiga sér stað eða að möguleiki er á því að verið er að undirbúa jarðveginn til að brjóta á barni/ungmönnum kynferðislega og viðbrögð við því. Einnig er farið ítarlega í hvernig eigi að bregðast við ef ofbeldi hefur átt sér stað, innan eða utan skóla, íþróttahreyfingar eða annarra stofnana er þjónusta börn og varðar börn og ungmenni.

## **Leiðtogskólinn**

Leiðtogaskólinn (áður Farskóli leiðtogaefna) er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKÞ, ÆSKR, ÆSKA og Biskupsstofu.

## **Landsmót**

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKÞ, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Stefnt er á að halda Landsmót á Akranes í 13-15 október. Verið er að ganga frá samningum við bæjarstjórn. Við hvetjum alla áhugasama að gefa kost á sér í landsmótsnefnd en það er hún sem á veg og vanda að skipulagningu mótsins og framkvæmd.

## **Aðalfundur European Fellowship**

Aðalfundur EF mun fara fram 27-28 október. Fundurinn mun að öllum líkindum fara fram í Ungverjalandi. Hefðbundin aðalfundarstörf á dagskránni. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum og t.d. sitja í stjórn EF mega endilega setja sig í samband við stjórn.

## **BE1 – Ecumenical course 2024**

Stefnt er á að námskeiðið fari fram í janúar í Finnlandi að þessu sinni. Námskeiðið er frábær vettvangur til að kynna sér samkirkjulegmálefni og samstarf.

*Ef tækifæri skapast má vera að við bætum við viðburði, ef góðar hugmyndir kvikna og styrkir fást fyrir framkvæmd þeirra. En einnig þarf að hafa í huga að dagskráin getur tekið breytingum eins og við höfum svo sannarlega lært á undanförunum árum.*